

Off To
Björn Steinbekk Kristjánsson
Byggðarendi 8
Reykjavík

Akureyri, 27. apríl 2021
UST202104-339/H.V.
09.08.02

Efni: Leyfi til aksturs utan vega

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Björns Steinbekk Kristjánssonar, dagsett 27. apríl 2021 um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Til stendur að aka tveimur bílum eftir leið frá Suðurstrandarvegi að svæði fyrir bíla í Meradölum til að flytja búnað sem ætlaður er til að sýna frá eldgosi í beinni útsendingu á visir.is og á youtube. Fjöldi starfsmanna er 7. Áætluð vegalengd er 15 km.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að fyrirhugað er að aka eftir leið sem notuð hefur verið af viðbragðsaðilum á svæðinu hafi fyrirhugað verkefni ekki veruleg neikvæð áhrif á svæðinu. Lögð er áhersla á að leiðaval valdi sem minnstum skaða. Aðeins skal aka eftir þeirri leið sem notuð er af viðbragðsaðilum og ekki skal ekið lengra en að svæði fyrir bíla í Meradölum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Birni Steinbekk Kristjánssyni f.h. Off To fyrir sitt leyti leyfi til að aka utan vega vegna kvikmyndatöku sbr. lýsingu hér að ofan þann 27. apríl 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ökutæki sem notuð eru við verkefnið skulu vera á að lágmarki 38" dekkjum.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu riski.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Í kvikmyndaefni er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til aksturs utan vega.

- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með athöfn í skilningi XV. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllt



Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri



Ólafur A. Jónsson
sérfræðingur